

Fundur 9.12.2019 Steven Hawkings.

Komið þið allir sælir í kvöld.

Velkominn.

Þakka þér fyrir.

Mikil er dýrð sú sem við mér blasir í nýjum líkama og hef ég þess beðið um nokkurt skeið að fá að ná til ykkar.

Og er svo ótal margt sem ég hef lært á þessum skamma tíma síðan ég kom hingað, nýjan líkama.

Að ég veit ekki hvar ég á að byrja og vil ég þó byrja á einföldum atriðum sem lúta að því lýsa því hvernig ég tala til ykkar um geimdjúpið.

Hvar annars staðar væri það, nema úr stjörnusambandsstöð og hafði ég þó ekki hugmynd um slíkt fyrr en ég hingað kom.

En þar sem þetta er nýtt fyrir mér að tala til ykkar á gamla hnettinum, langar mig til að lýsa ýmsum einföldum atriðum fyrst, áður en ég fer út í að lýsa æfi minni og öðru þar að lútandi.

Ég stend uppi á palli nokkrum og í kringum mig eru ýmsir og tökumst við gjarnan í hendur á vissum tímabilum þegar verið er að ná upp orkunni.

Enn er talið er hentugast að ég standi hér einn þegar samband kemst á og boðskapur okkar berst til annarra miðla og sambands fólks.

Og þar sem þetta er tiltölulega nýtt fyrir mér finnst mér þettamengu að síður ein af undrum tilverunnar, eins og stjörnugeimurinn og undur alheimsins og hinar fjölmörgu fræðigreinar. Þau fjölmörgu fræði sem ég hef fengist við um dagana.

Hefði gjanan viljað lýsa því með fullkomlega skiljanlegum hugtökum við ykkur, hverskonar geislar það eru sem leika í kringum mig, sindra og dansa í kringum hnött þann sem stendur hér á miðju gólfi úr nokkurs konar glitsteinum og mun vera til að magna sambandið.

En ekki get ég komist nær sannleikanum en að nota það orð sem mér er ekki tamt en ykkur mun vera kunnugt um og heitir lífgeislar.

Er þetta allt mér hin stórkostlegasta lífsreynsla og þreytist ég aldrei á því að standa í þessum sal og mæla til annarra í fjarska og hefur mér þó verið það sérstakt tilhlökkunarefni hvort hægt væri að ná sambandi við ykkur á gömlu jörðinni.

Vona ég að mér takist hér í kvöld að lýsa betur en áður hefur tekist á þessum hnetti, undrum tilverunnar og undirstöðu lögmálum hennar og þessum furðulegu lögmálum sem eru undirstaða hennar.

Ætla ég mér þó ekki um of og vill ekki gefa ykkur of miklar væntingar og segi hér aðeins af.

Vona að ég að geta komið einhverju fram og hefur þetta allt verið mér svo mikið undrunarefni að ekki er lengra síðan, en nokkrir mánuðir á ykkar mælikvarða síðan ég fór að verða tilbúinn að tengjast öðrum með þessum hætti.

Segja má að ég hafi verið að læra og efla líkama minn og anda þangað til.

Og á ég þó flest eftir að læra.

En hef ég fengið svo furðu gott vald á þessum líkama held ég að ég geti fullyrt að jafnvel að þegar að ég var ungur og hraustur var ég ekki jafn öflugur og hér.

Og kann það vel að vera einnig vegna þess að ættingjar mínir sem hér samankomnir eru hafa náð að magna mig.

Er ég hér í nýjum líkama og laus við alla þá fjölmörgu kvilla sem hrjáðu mig en þó mest þann eina sem gerði mig víðfrægan um veröld alla, ásamt þekkingu minni og.

Getur þú lýst fyrir okkur fyrstu upplifun þinni á nýjum stað?

Já, ég trúði ekki að ég væri lifandi fram kominn á öðrum hnetti. Ég vaknaði út undir beru lofti og tók mig nokkurn tíma að skilja hvað um væri að vera.

Ég gat ekki hreyft mig þar sem líkami minn var ofurseldur minningum mínum og fyrstu efnisagnir voru háðar þeim sjúkdómi sem ég dó úr.

En var ég settur á börur og fluttur í laug nokkra og fann ég undursamlega krafta fara um mig og nuddaður og einhvers konar trúarsöngur, rímna kveðskapur, einhverskonar helgiathöfn og böðuns, voru þar einhver, vatnið fullt af lifandi verum sem hjálpuðu við að samverka fullri endurlíkömnun.

Og tel ég að ég hafi verið þarna nokkra stund en geri mér ekki fulla grein fyrir hversu lengi, kann að hafa sofið og magnast.

Stóð svo upp og var leiddur gangandi í burtu.

Já.

Og var ég þó studdur, og svaf svo lengi á sjúkrastofnun og var ég nú með eitthvað óráðs tal fyrst á eftir og átti erfitt með að koma þessu öllu heim og saman.

En það svona nokkur veginn stóð á endum að ég hreyfði mig af eigin rammleik um það leiti að ég var búinn að kynna mér ýmsa grunnþætti sem ég gat talað um við ættingja mína framliðna og hjúkrunafólk og aðra sem þar dvöldu.

Fór svo að ganga og segja má að það hafi verið mikil furða hjá mér. Ég spurði mikið um trúarefni fyrstu dagana, en komst svo að því að ég hafði ekki haft alveg rangt fyrir mér að það væri ekki til þetta himnaríki sem sumir höfðu fjallað um heldur vísindalegri staður.

Og alveg efniskennður líkami. Vísindalega þenkjandi fólk, en ekki þessi óútskýranlegi heimur sem ég þekkti úr trúarbrögðum jarðarinnar.

En ég furða mig enn á að svona skynsamlegt fólk skuli trúa á guði, almáttuga guði.

Og eins og forfeður ykkar gerðu, víkingarnir, en það kann að vera eitthvað hæft í því að þeir hafi skapað alheiminn.

En það er nú eitt af mínum áhugamálum og hefur alltaf verið og efast ég ekki um að ég eigi eftir að minnast á það síðar ef ég kemst í samband við ykkur.

Nafn mitt er Steven Hawkins.

Nú, já komdu sæll og þú hefur heldur betur orðið hissa þegar þú komst fram í nýjum líkama á nýrri jörð.

Já, já, það er ekki hægt að neita því og mjög hissa og það má segja að ýmislegt hafi svona vakið mér furðu en gleði, svo mikla gleði.

En ég spurði margra spurninga eins og gefur að skilja. Kemur ykkur ekki á óvart.

En ég á enn dálítið erfitt með að sætta mig við að þessi heimur hafi verið skapaður af þessum guðum.

Ég hef einmitt verið að fylgjast með þáttunum þínum sem er verið að sýna í sjónvarpinu.

Já, einmitt.

Þú færðir þar rök að því, sem þú, sem ég býst við nú við að þú trúir ekki lengur, að alheimurinn hafi getað orðið til sem svona skammtaflökt.

Ég skil alveg að sú kenning er rétt fyrir smávægilegt flökt, öreindir sem eru að stökkva upp úr tóminu og eru að verða til og hverfa aftur.

En ég á erfitt að koma því í gegnum minn huga að heill alheimur geti allt í einu sprottið fram.

Þannig að ég býst við að þetta sé þér mikið umhugsunarefni núna?

Já, ég verð nú að segja að ég er nú ekki alveg búinn að meðtaka þetta enn þá og þar sem það er nú stutt síðan ég var þessarar skoðunnar að ég svona stend á gati á ýmsum sviðum gagnvart þessu máli og verð þó að játa mig sigraðan eins og oft þegar ég veðjaði við samvísindamenn mína og hafði rangt fyrir mér.

Já.

Það er alveg rétt hjá þér að eg hef haft á röngu að standa hvað þetta varðar.

En hvað með svartholin? Eru þau raunverulega til? Hvað segja menn um það á nýja hnettinum þínum.

Já, já, já, þeir telja svo vera en það er miklu stærra mál en ég gerði mér grein fyrir og mér skilst af því sem ég hef hér reynt að kynna mér að þeir séu hluti af því sem kallað var ormagöng og endurnýjun efnis.

Já, þú varst nú búinn að reikna það út að það gufaði upp úr þeim efni á mjög löngum tíma.

Já, það er rétt, ég varði mörgum árum í þessar rannsóknir og lagði mikla vinnu og átti margar samræður við aðra vísindamenn um þetta og þróaði einmitt þessar kenningar mjög lengi þar til yfir lauk minnar æfi.

Og það gleður mig þó að þetta var ekki alveg til einskis og ég er hræddur um að þetta þurfi að vera endurskoðað líka.

Þar sem sú heildarmynd sem blasir við mér á nýjum hnetti sé mun flóknari og já viltu að ég reyni að útlista það nánar?

Kannski ekki núna, en það væri mjög gaman að fá þig aftur einhvern tíman seinna til að ræða þessi mál. Þau eru svo stórmerkileg.

Já.

Ég veit að Nýalssinnar voru nú oft svona lítt hrifnir af svartholunum, þó ég skilji alveg eðlisfræðina á bak við þau eða svona grundvallar atriði sem eru þar að baki.

Þá finnst mér erfitt að sætt mig við að slík fyrirbæri séu til og svo líka það að þau eru svo helstefnuleg í eðli sínu, geta bara gleypst heilu sólhverfin og jafnvel vetrarbrautamiðjurnar, ef þau eru í rauninni til.

Já.

Það er svoldið óhugnanlegt.

Það eru raunar nokkrir vísindamenn hér sem eru með aðrar kenningar og það væri einmitt gaman að fjalla um þær við tækifæri.

Já.

Og nokkrir Nýalssinnar hér á þessum hnetti hafa um það rætt, mjög fróðir menn sem hefur verið ánægjulegt að ræða við, faðir þinn og afi hygg ég að séu á meðal þeirra.

Já, já.

Og Ingvar Agnarsson og fleiri.

Já, komst þú fram á sama hnetti og þeir eru?

Já, já, þetta er.

En það var eitt sem þú nefndir áðan sem mér finnst mjög merkilegt þegar þú varst að segja frá því þegar þú varst settur í samband og þú varst að æfa það að ná sambandi við okkur.

Þá talaðir þú um einhvern stein og notaðir íslenska orðið glitsteinn eða glitsteinar

Já,

Það var mjög áhugavert, þetta hefur ekki áður komið fram, nema einhver hér í hópnum muni eftir því, að það séu notaðir einhverjir, einhver tegund af steinum til þess að styrkja sambandið, þetta er mjög merkilegt.

Já, ég veit ekki hvort það hefur komið fram hjá mörgum en mér fannst það. Það er athyglisgáfa vísindamannsins sem á að vera hans einkennismerki og fannst mér það rökrétt að byrja á því sem vert væri að nefna.

Já.

En ég, þetta er víst eitthvað hefðbundið sem hefur verið hér lengi en já það er full ástæða til að hvetja aðra til að fjalla betur um þetta, ég þakka þér fyrir.

Þetta er það svið sem ég er býsna skeptískur á, ef svo má segja, þessir lífgeislar. Ég skil þetta ekki að fullu enn þá en ég mun gjarnan vilja fjalla um þetta síðar.

Já, það viljum við líka að þú gerir.

En ein spurning enn frá mér ef ég má.

Já.

Hérna, nú talar þú í gegnum okkar miðil og hann talar hér íslensku.

Já.

Það er stutt síðan þú komst fram á þínum nýja hnetti og þú kunnir ekki íslensku í jarðlífinu hér.

Já.

Hefur þú getað lagt stund á íslensku á framlífs hnettinum á þessum stutta tíma eða einhvern veginn þýðist hugsun þín frá ensku yfir á íslensku einhvern veginn þegar farið er í gegnum miðilinn með skilaboðin frá þér.

Já ég kann ekki nema nokkur orð í íslensku þakka þér fyrir, en ég er að reyna að læra meira, en það er eins og þú sagðir, það þýðist yfir og ég hygg að þessir þættir hafi nú það sem kallað er stillilögmál, það hjálpi til.

Já, það er hugsunin einhvern veginn sem þú sendir sem kemur fram á íslensku í huga okkar miðils.

Já, það er sko,

Eða er annar milliliður þín megin, annar miðill?

John Lennon talaði um það að það væri annar.

Það eru margir hér starfandi í þessari stöð sem af því að Helgi Pjeturss var forvígismaður þessarar stefnu á Íslandi og á ykkar hnetti, þá eru margir sem standa hér í kringum mig af íslensku þjóðerni,

Já.

Og

Og þaðan koma stilliáhrifin?

Já, já.

Sem íslenskri hugsun til okkar.

Já.

Merkilegt.

Já, ég gat þetta ekki strax, ég vildi ekki fara í þetta hlutverk fyrr en mér tækist það vel og veit ég að það gengur misjafnlega vel að koma skírum samböndum.

Og mun það takast verr þar sem ekki eru íslendingar samankomnir að koma með það á ykkar tungumáli.

Já.

En faðir þinn og fleiri Nýalssinnar voru búnir.....

Því miður endaði upptakan hér vegna straumleysis.